

Forseti Alþingis
Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir
Alþingi v/Austurvöll
150 Reykjavík

7. apríl 2010

A-8
SA/bb

Efni: Bréf heilbrigðisráðherra um að fyrirhugað sé að áminna Steingrím Ara Arason, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands

Með bréfi dags. 29. mars 2010* sendi heilbrigðisráðherra, Álfheiður Ingadóttir, forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, Steingrími Ara Arasyni, bréf um fyrirhugaða áminningu fyrir meint brot hans á almennum starfsskyldum ríkisstarfsmanna skv. starfsmannalögum.

Mér þykir rétt að vekja sérstaka athygli þína á þessu máli og afstöðu minni til þess. Að mínu mati er ekki hægt að láta hjá líða að gera alvarlega athugasemd við að í bréfinu kemur fram að ein meginástæða þess að ráðherra hyggst áminna Steingrím Ara Arason sé sú að hann leitaði til ríkisendurskoðanda í kjölfar setningar reglugerðar nr. 190/2010 um þátttöku sjúkratrygginga í nauðsynlegum tannlækninga- og tannréttingakostnaði sjúkratryggðra vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, sjúkdóma og slysa.

Óhjákvæmilegt er í þessu sambandi að minna á að í 1. gr. laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, segir svo um hlutverk hennar:

„Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis. Hún skal endurskoða ríkisreikning og reikninga þeirra aðila sem hafa með höndum rekstur og fjárvörslu á vegum ríkisins, sbr. 43. gr. stjórnarskipunarlaga, nr. 33/1944. Þá getur hún framkvæmt stjórnarsýsluendurskoðun skv. 9. gr. þessara laga. Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.“

Vegna þessara starfa sinna eru Ríkisendurskoðun tryggðar ríkar skoðunarheimildir í lögumum og getur hún m.a. kafið hvern þann ríkisaðila sem sýslar með opinbert fé um upplýsingar og gögn um ráðstöfun og meðferð opinberra fjármuna. Að auki er þess að geta að hún hefur á sinn hátt sem endurskoðandi reikninga ríkisstofnana tilteknum þjónustuskyldum að gegna gagnvart þeim, einkum á sviði ráðgjafar er

*leiðrétt dagsetning

varðar reikningskil, fjárreiður og fjárheimildir, svo dæmi séu nefnd. Að öðru leyti nægir að vísa á 6. til 9. gr. laganna þar sem nánar er fjallað um hlutverk Ríkisendurskoðunar. Af þessu leiðir að ekkert er óeðlilegt við það að stjórnendur ríkisstofnana leiti ráða og upplýsinga hjá henni um hver þau mál sem fjalla um meðferð og ráðstöfun á ríkisfé.

Í símtali mínu við forstjóra Sjúkratrygginga Íslands ræddum við einkum um hvaða fjárhagsleg skilyrði væri nauðsynlegt að setja í tengslum við þátttöku ríkissjóðs í kostnaði skv. reglugerðinni, enda ekki að finna leiðsögn í því efni í reglugerðinni sjálfri. Gerði hann m.a. grein fyrir því að fyrirhugaður væri fundur með ráðuneytinu um fyrrnefnda reglugerð og kvaðst vilja afla upplýsinga vegna hans. Hér var um eðlileg og alvanaleg samskipti milli forstjóra ríkisstofnunar og Ríkisendurskoðunar að ræða. Í framhaldi af fyrrnefndu símtali sendi forstjórinn mér tölvuskeyti þar sem hann gerði grein fyrir álitaefninu og svaraði ég því.

Það er að mínu mati með öllu ólíðandi ef stjórnendur ríkisstofnana geta átt á hættu að vera sakaðir um að hafa „brotið gegn góðum starfsháttum og hollustu- og trúnaðarskyldum“ sínum með því einu að leita ráða hjá Ríkisendurskoðun um fjárreiðutengd málefni. Með vísan til þessa tel ég nauðsynlegt að gera alvarlegar athugasemdir við þær röksemdir sem heilbrigðisráðherra beitir í umræddu bréfi.

Afrit sent:

Heilbrigðisráðherra Álfheiði Ingadóttur.

Forstjóra Sjúkratrygginga Íslands, Steingrími Ara Arasyni.